

Jafnréttisáætlun Húnaþings vestra 2023-2026

Jafnréttisáætlun Húnaþings vestra byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt allra einstaklinga. Bygðarráð fer með hlutverk jafnréttisnefndar og hefur umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára í senn.

Jafnrétti er sameiginlegt réttlætismál einstaklinga með velferð þeirra að leiðarljósi. Hún er mikilvægt verkfæri til að vinna að jafnri stöðu íbúa sveitarfélagsins á öllum sviðum samfélagsins. Í áætluninni felst viðurkenning á því að grípa þurfi til sérstakra aðgerða til að raunverulegt jafnrétti milli ólíkra þjóðfélagshópa náist. Áætlun um jafnréttismál, með skýrum markmiðum og tímasettri aðgerðaáætlun, þar sem ábyrgð og eftirfylgni er tryggð, gegnir veigamiklu hlutverki þegar unnið er að jafnrétti.

Í áætluninni er tekið á hvernig unnið skal að kynja- og jafnréttissjónarmiðum í starfsemi sveitarfélagsins. Tiltekin eru markmið og aðgerðir til að stuðla að jafnrétti í þjónustu sveitarfélagsins og í starfsmannamálum.

Með jafnréttisáætluninni er farið að lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lögum nr. 151/2020 um stjórnýslu jafnréttismála, lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Einnig eru kröfur úr ÍST 85:2012 jafnlaunastaðlinum hafðar að leiðarljósi.

Áætlunin hefur jafnframt vísan í aðrar stefnur og áætlanir sveitarfélagsins, svo sem menntastefnu, mannauðsstefnu og áætlum um aðgerðir gegn einelti og ofbeldi. Einnig hefur hún skírskotun til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verkefni um Barnvænt sveitarfélag sem og verkefnið Heilsueflandi samfélag.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnýslu jafnréttismála skulu sveitarstjórnir að afloknum sveitarstjórnarkosningum sjá til þess að sveitarfélagið setji sér áætlun um jafnréttismál fyrir nýtt kjörtímabil. Áætlunin skal lögð fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar, hún rædd árlega í sveitarstjórn og endurskoðuð eftir þörfum.

Húnaþing vestra er í góðri stöðu til að vinna að jafnrétti í samfélaginu bæði vegna nálægðar við íbúana og þess þrjúþætta hlutverks sem það hefur, sem stjórnvald, vinnuveitandi og þjónustuveitandi. Virk áætlun um jafnréttismál hjá sveitarfélaginu, þar sem unnið er að jafnrétti á öllum þessum sviðum, stuðlar að réttlátara og eftirsóknarverðara samfélagi fyrir alla.

Allar deildir, svið og stofnanir sveitarfélagsins skulu taka mið af jafnréttisáætluninni.

Markmið áætlunarinnar

Allir einstaklingar skulu njóta grundvallar mannréttinda og eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkennum, kyntjáningar og annarrar stöðu. Lögð er áhersla á frumkvæði sveitarfélagsins í jafnréttismálum.

Meginsvið

Yfirmarkmið stefnunnar skiptast í þau fjögur megin svið sem Húnaþing vestra skuldbindur sig til að vinna að jafnrétti á og endurspegla margþætt hlutverk og skyldur sveitarfélagsins sem stjórnvalds, vinnuveitanda, veitanda þjónustu og samstarfsaðila. Í aðgerðaráætlun hvers sviðs er gerð grein fyrir meginmarkmiðum, aðgerðum, ábyrgðaraðila og innan hvaða tímaramma þær skuli unnar.

Aðgerðaáætlun 2023-2026

Húnaþing vestra sem stjórnvald

Sveitarstjórn Húnaþings vestra gegnir mikilvægu hlutverki í vinnu að jafnréttismálum, sem gengur þvert á málaflokka. Til að jafnréttismál séu í góðum farvegi innan stjórnsýslunnar þarf sveitarstjórn að vera vel að sér í viðfangsefninu og gegnir jafnréttisáætlun þar mikilvægu hlutverki. Sveitarstjórn skipar jafnréttisnefnd sem hefur það hlutverk að vera ráðgefandi og hafa frumkvæði að aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og mannréttindi allra íbúa sveitarfélagsins í samræmi við stefnu þessa. Sveitarstjórn hefur falið byggðarráði að fara með hlutverk jafnréttisnefndar.

Nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins

Nefndir skulu skipaðar á fjölbreyttum grunni. Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins skal í samræmi við jafnréttislög gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki undir 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Það sama gildir um hlutafélög og fyrirtæki sem Húnaþing vestra kann að vera aðaleigandi að sem og þau verkefni sem unnið er að í samvinnu við önnur sveitarfélög. Vinnuhópar og starfshópar sem stofnað er til á vegum sveitarfélagsins skulu skipaðir einstaklingum af báðum kynjum og mikilvægi fjölbreytni haft í huga. Skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefninga í nefndir, ráð og stjórnir. Þegar jafnréttissjónarmiða er gætt við stefnumótun eru meiri líkur eru á að ákvarðanir sem teknar eru endurspegli hagsmuni allra. Þetta á einnig við um þar sem unnið er að pólitískum markmiðum. Leitast skal við að ólíkir þjóðfélagshópar hafi aðkomu að ákvarðanatöku.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímamörk
Hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum skal kannað árlega og ábendingum um úrbætur komið til formanns byggðarráðs.	Sveitarstjóri	Samhliða vinnu við gerð ársreiknings ár hvert.
Fyrir sveitarstjórnarkosningar vorið 2026 verður birt áskorun til framboða sem hyggjast bjóða fram á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem hvatt verður til jafnrar stöðu kynjanna og fjölbreytni á framboðslistum.	Sveitarstjóri	Snemma árs 2026 verður hvatning birt á heimasíðu sveitarfélagsins.
Fyrirtækjum, hlutafélögum og samstarfsverkefnum sem sveitarfélagið er aðili að send tilkynning um áætlunina og þær kröfur sem gerðar eru til þeirra samkvæmt henni.	Sveitarstjóri	Fyrir lok fyrsta ársfjórðungs 2024.

Kynning

Frammistaða í jafnréttismálum og mannréttindamálum almennt birtist íbúum í gegnum samskipti þeirra við sveitarfélagið, í þeirri þjónustu sem íbúar fá og á vinnustað þegar starfsfólk sveitarfélagsins á í hlut. Jafnréttisáætlun skal kynnt starfsfólki og íbúum og hún gerð aðgengileg á vefmiðlum sveitarfélagsins.

Almennt skal lögð áhersla á að frétttaflutningur og umfjöllun á vefmiðlum sveitarfélagsins og annarsstaðar taki mið af jafnréttissjónarmiðum.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímamörk
Jafnréttisáætlun kynnt íbúum með birtingu á vefmiðlum sveitarfélagsins.	Sveitarstjóri	Innan tveggja vikna frá samþykki áætlunarinnar.
Jafnréttisáætlun kynnt fyrir starfs- og nefndarfólki.	Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn.	Verði lokið innan þriggja mánaða frá samþykkt áætlunarinnar.
Fréttir og fjölmiðlaumfjöllun rýnd til að leggja mat á hvort jafnréttissjónarmiða sé gætt.	Sveitarstjóri, sviðsstjórar og þeir sem fram koma fyrir hönd sveitarfélagsins.	Aldrei lokið.
Nota skal kynhlutlaust orðalag í efni sem gefið er út af sveitarfélaginu.	Allir þeir sem skrifa efni fyrir hönd sveitarfélagsins.	Aldrei lokið.
Efni á vefmiðlum sveitarfélagsins sé aðgengilegt á flestum þeim tungumálum sem aðgengileg eru í sveitarfélaginu.	Sveitastjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn.	Nú þegar á megin síðu sveitarfélagsins. Fyrir lok árs 2024 á öðrum síðum.

Samþætting mannréttindasjónarmiða í stefnumótun

Horft verði til þeirra þátta eftir atvikum sem snert geta kyn, hinsegin fólk, fólk á mismunandi aldri, með mismunandi trú, af ólíku þjóðerni og með ólíka fötlun á ólíkan hátt og brugðist við ef sýnt þykir að verulega muni halla á einhverja breytu með ákveðinni ákvörðun. Mikilvægt er að meta hvaða áhrif ákvarðanir muni hafa á líf ólíkra hópa.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímamörk
Fræðsla um samþættingu mannréttindasjónarmiða fyrir sveitarstjórnarfólk, nefndarfólk og stjórnendur sveitarfélagsins.	Sveitarstjóri	Fyrir lok annars ársfjórðungs 2024.

Afnám staðalímynda

Haldið verði á lofti jákvæðum ímyndum af fólki óháð kyni, kynhneigð, -vitund, -tjáningu og -einkenni, aldri, trú, þjóðerni eða fötlun og samhliða því unnið gegn fordómum, háttsemi, málfari og myndmáli sem byggja á hugmyndum um æðri og óæðri stöðu eins samfélagshóps eða á staðalímyndum. Umfjöllun og myndbirtingar á upplýsingamiðlum sveitarfélagsins skulu ekki mismuna hópum eða einstaklingum eða séu þeim til minnkunar.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímamörk
Ritaður texti og myndbirtingar mismuni ekki eða séu einstaklingum eða hópum til minnkunar.	Allir þeir sem setja efni inn á vefmiðla sveitarfélagsins, koma fram í fjölmiðlum eða tjá sig út á við í nafni sveitarfélagsins.	Aldrei lokið.
Fræðsla fari fram á vegum Samtakanna78 í öllum stofnunum sveitarfélagsins.	Forstöðumenn stofnana.	Árlega í samræmi við samning sveitarfélagsins við Samtökin78.

Húnaþing vestra sem vinnuveitandi

Rannsóknir sýna að fjölskylduvænt vinnuumhverfi leiðir til aukinnar starfsánægju, betri frammistöðu og minni starfsmannaveiltu. Jöfn ábyrgð beggja foreldra er afar mikilvæg og stuðlar að jöfnuði á öðrum sviðum samfélagsins. Atriði þessu tengd skulu tilgreind í mannauðsstefnu Húnaþings vestra. Til þess að ná markmiðum stefnunnar skal bjóða eins og kostur er, og verkefni og aðstæður leyfa, upp á sveigjanlegan vinnutíma, lámarka yfirvinnu, stefnt að því að halda ekki fundi á þeim tímum sem sækja þarf börn í leikskóla, á kvöldin eða um helgar og hvetja foreldra til að skipta með sér veikindadögum barna og fæðingarorlofi.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímamörk
Endurskoðun mannauðsstefnu Húnaþings vestra	Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn stofnana.	Fyrir lok annars ársfjórðungs 2024.

Launajafnrétti

Launajafnrétti stuðlar að fjölbreytni á vinnumarkaði og hefur auk þess bein áhrif á hag fjölskyldna. Starfsfólki hjá Húnaþingi vestra skulu greidd jöfn laun og það njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf óháð kyni og aldri í samræmi við jafnlaunavottun sveitarfélagsins.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímamörk
Launagreining framkvæmd reglulega til að tryggja að kynbundinn launamunur sé ekki til staðar.	Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.	Í tengslum við árlegar úttektir jafnlaunavottunar.
Viðhald jafnlaunavottunar.	Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.	Árlega.

Ráðningar og starfsþróun

Áhersla er lögð á að stofnanir Húnaþings vestra endurspegli fjölbreytileika íbúa sem best og markvisst unnið að því að jafna stöðu kynjanna og stuðla þannig að því að störf flokkist ekki í kvenna- eða karlastörf, hvorki í almennum störfum né stjórnunarstörfum. Jafnframt að sveitarfélagið mismuni ekki beint né óbeint vegna kynþáttar, þjóðernis, aldurs, kynhneigðar eða hvers annars við ráðningar. Fastar stöður hjá stofnunum sveitarfélagsins skulu ávallt auglýstar lausar til umsóknar. Koma skal fram í auglýsingu hvatning þess efnis að öll kyn sæki um störfín.

Áhersla er lögð á að starfsfólk Húnaþings vestra njóti sömu möguleika til starfsþróunar óháð kyni og aldri eða öðrum breytum eftir atvikum.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímamörk
Ráðningar skulu vera samkvæmt stjórnarsýslulögum, jafnréttislögum, öðrum þeim gildandi lögum sem varða ráðningar og gildandi reglum og samþykktum sveitarfélagsins.	Sá sem ber ábyrgð á ráðningunni.	Alltaf þegar störf eru laus til umsóknar.
Í starfsauglýsingum kemur fram hvatning um að öll kyn sækji um störf.	Sá sem ber ábyrgð á ráðningunni.	Alltaf þegar störf eru laus til umsóknar.
Árlegar tölfræðiupplýsingar á samsetningu vinnuafis sveitarfélagsins með tilliti til kyns og aldurs og annarra aðgengilegra breyta.	Launafulltrúi.	Í samhengi við ársreikning ár hvert.
Starfsfólk sækir starfsþróun samkvæmt starfsþróunaráætlun vinnustaðar sem byggir á verkefnum og vaxtarþörf starfsfólks óháð kyni, aldri eða öðrum breytum eftir atvikum.	Sviðsstjórar og forstöðumenn viðkomandi stofnana í samræmi við úttekt Farskólans og verkefnið <i>Fræðslustjóri að láni</i> .	Árlega eða eftir þörfum.

Samræming vinnu og einkalífs.

Á vinnustöðum Húnaþings vestra verði starfsfólki gert kleift að samræma starfs- og fjölskylduábyrgð eins og kostur er og eftir því sem verkefni og aðstæður leyfa. Mikilvægt er að starfsmenn njóti sveigjanleika vegna samræmingar starfs- og fjölskylduábyrgðar á vinnustöðum sínum ef þess er nokkur kostur þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduáðstæðna starfsfólks og þarfa vinnustaðarins.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímamörk
Starfsfólki gefinn kostur á mismunandi starfshlutfalli og sveigjanlegum vinnutíma ef þess er nokkur kostur með tilliti til kjarasamninga, verkefna viðkomandi starfsmanns, aðstæðna og fjárheimilda hverju sinni.	Sviðsstjórar og forstöðumenn viðkomandi stofnana.	Aldrei lokið.
Forráðamenn/foreldrar hvattir til að nýta/taka til jafns fæðingar- og foreldraorlof og heimaveru vegna veikinda barna.	Sviðsstjórar og forstöðumenn viðkomandi stofnana.	Aldrei lokið.

Kynbundin og kynferðisleg áreitni, kynbundið ofbeldi og hverskyns ofbeldi
Kynbundið ofbeldi, kynbundin eða kynferðisleg áreitni er aldrei liðin. Stjórnendur skulu leitast við að vera ávallt meðvitaðir um ríkjandi vinnustaðameningu og grípa til ráðstafana brjóti hún í bága við áætlun þessa eða aðrar áætlanir og stefnur sem sveitarfélagið eða stofnanir þess hafa sett sér.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímamörk
Verklag og leiðbeiningar um viðbrögð skulu vera til staðar og aðgengilegar á starfsmannavef Húnaþings vestra.	Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn viðkomandi stofnana.	Aldrei lokið.
Hvers kyns ofbeldi er aldrei liðið í stofnunum sveitarfélagsins.	Allt starfsfólk.	Aldrei lokið.
Reglubundin fræðsla um kynhneigð, kynvitund og málefni hinsegin fólks í samræmi við samning við Samtökin78.	Forstöðumenn.	Í samræmi við samning við Samtökin78.

Húnaþing vestra sem þjónustuaðili

Menntun og skólastarf

Allt uppeldis- og tólmundastarf, menntun og fræðsla sem fram fer á vegum og er á ábyrgð Húnaþings vestra og stofnana þess hafi jafna stöðu kynjanna og fjölbreytni nemendahópsins að leiðarljósi. Samþætta skal mannréttindasjónarmið í alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi líkt og gert er í nýlegri [menntastefnu](#).

Aðgerð	Ábyrgð	Tímamörk
Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um mannréttindamál þar sem þeir eru virkir þátttakendur. Mannréttindafræðslu fylgi umræður um viðfangsefnið og skapandi verkefni.	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og skólastjórnendur.	Aldrei lokið
Kennslu- og námsgögn skönnuð markvisst þannig að ekki sé mismunað á grundvelli kyns, kynhneigðar, - tjáningar, - vitundar eða - einkenna, aldurs, trúar, þjóðernis eða fötlunar.	Skólastjórnendur.	Aldrei lokið.
Unnið verði að forgangsmarkmiðum menntastefnu Húnaþings vestra um lýðræði og mannréttindi.	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og skólastjórnendur.	Aldrei lokið.

Unnið verði að forgangsmarkmiðum menntastefnu Húnaþings vestra um jafnrétti.	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og skólastjórnendur.	Aldrei lokið.
Reglubundin fræðsla um kynhneigð, kynvitund og málefni hinsegin fólks í samræmi við samning við Samtökin78.	Skólastjórnendur.	Á gildistíma samningsins.
Þátttaka nemenda í verkefninu barnvænt sveitarfélag.	Verkefnisstjóri verkefnisins og stýrihópur.	Fyrir lok árs 2024.
Öllum börnum frá 12 mánaða aldri stendur til boða leikskólalátt eða dagvistunarúrræði þar til lögbundin skólaganga hefst.	Sveitarstjórn, sveitarstjóri, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og skólastjóri leikskóla.	Aldrei lokið.
Aðstaða grunn- og leikskóla henti þörfum ólíkra hópa nemenda. M.a. með því að koma upp búningaáðstöðu í íþróttamiðstöð fyrir kynsegin börn og ókyngreindum snyrtingum í skólabyggingum sveitarfélagsins.	Sveitarstjóri, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, íþrótt- og tómstundafulltrúi og rekstrarstjóri.	Fyrir mitt ár 2025.

Tómstundir og íþróttir

Gerð er sú krafa til félaga með fasta styrktarsamninga við Húnaþing vestra að gætt skuli samþættingar mannréttindasjónarmiða við alla áætlanagerð og stefnumótunavinnu. Einnig er mikilvægt að horfa til staðalímynda kynjanna í tómstunda- og íþróttastarfi.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímamörk
Styrktarsamningar sveitarfélagsins við íþróttafélög innihaldi ákvæði um samþættingu mannréttindasjónarmiða og hvernig öryggi iðkenda sé tryggt.	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og íþrótt- og tómstundafulltrúi.	Þegar samningar eru undirritaðir.
Reglubundin fræðsla til starfsmanna íþróttafélaga um kynhneigð, kynvitund og málefni hinsegin fólks í samræmi við samning við Samtökin78.	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs.	Árlega í samræmi við samning við Samtökin78 á sama tíma og fræðsla fyrir nemendur og kennara í grunn- og leikskóla.
Styrktarsamningar sveitarfélagsins við íþróttafélög innihaldi ákvæði um jafnrétti og bann við mismunun.	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og íþrótt- og tómstundafulltrúi.	Þegar samningar eru undirritaðir.

Hvatning til nýtingar frístundakorts með auglýsingum á vefmiðlum sveitarfélagsins.	Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.	Í upphafi hvers árs og síðari hluta árs.
Nýting frístundakorts greind eftir kyni og aldri.	Sviðsstjóri framkvæmda- og stjórnsýslusviðs.	Við lok hvers árs þegar frestur til að nýta frístundakort er liðinn.
Þeir aðilar sem hafa fasta styrktarsamninga við sveitarfélagið skulu gæta jafnréttis-sjónarmiða við skipan í nefndir, ráð og stjórnir og í sarfi sínu almennt.	Sveitarstjóri tryggir við yfirlestur samninga að gerð sé grein fyrir skyldum félaga í samningnum.	Þegar samningar eru undirritaðir.
Hugað sé að hinsegin iðkendum í íþrótt- og tómsundastarfi og tryggt að aðstaða og nálgun henti þeim.	Sveitarstjóri, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og rekstrarstjóri. Forsvarsmenn íþróttafélaga og tómsundastarfs.	Fyrir mitt ár 2025.

Þjónusta fyrir alla

Fordómaleysi og skýr jafnréttissýn einkenni þjónustu Húnaþings vestra og endurspeglit í henni. Hatursorðræða og hatursglæpir verði ekki liðnir í sveitarfélaginu og unnið gegn slíku með fræðslu. Leitast verður við að fá fram þátttöku sem flestra hópa í stefnumótun sveitarfélagsins til að fá fram sem flest sjónarmið. Jafnframt að þjónusta sveitarfélagsins henti sem flestum hópum íbúa með það að markmiði að bæta búsetuskilyrði í sveitarfélaginu og gera það ákjósanlegri búsetukost en ella.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímamörk
Skilgreining gilda starfsmanna sveitarfélagsins og þjónustuloforðs þeirra til „viðskiptavina“ á starfsdegi með öllu starfsfólki sveitarfélagsins.	Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn.	Fyrir lok árs 2024.
Reglubundin fræðsla til starfsmanna um kynhneigð, kynvitund og málefni hinsegin fólks í samræmi við samning við Samtökin78.	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs.	Árlega á sama tíma og fræðsla fyrir nemendur og kennara í grunn- og leikskóla.
Innleiðing barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með verkefninu <i>Barnvænt sveitarfélag</i> .	Verkefnisstjóri og stýrihópur.	Fyrir lok árs 2024.
Tryggja nægilega þjónustu við aldraða og öryrkja í sveitarfélaginu og að þeir eigi kost á að búa á heimili sínu eins lengi og unnt er.	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs.	Aldrei lokið.

Húnaþing vestra sem samstarfsaðili og verkkaupi

Húnaþing vestra á í samstarfi við fjölda aðila og er jafnframt stór verkkaupi. Leitast er við að vinna með með opinberum aðilum, háskólasamfélaginu, einkaaðilum og félögum sem vinna að því að efla frumkvæði, nýsköpun og þekkingaröflun og miðlun á sviði mannréttinda.

Samvinna í þágu jafnréttis

Aðgerð	Ábyrgð	Tímamörk
Þau félög sem hafa fasta styrktarsamninga við Húnaþing vestra skulu við skipan í nefndir, ráð og stjórnir gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki undir 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.	Sveitarstjóri tryggir við yfirlestur samninga að gerð sé grein fyrir skyldum félaga í samningum.	Þegar samningar eru undirritaðir.

Viðskipti í þágu jafnréttis

Húnaþing vestra leggur áherslu á að allir þeir aðilar sem bæjarfélagið á viðskipti við virði mannréttindi.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímamörk
Í útboðsauglýsingum komi fram ákvæði um virðingu fyrir mannréttindum, kjarasamningum o.s.frv. eftir því sem við á.	Sveitarstjóri, sviðsstjórar, rekstrarstjóri, verkefnisstjóri umhverfismála og aðrir þeir sem auglýsa verk fyrir hönd sveitarfélagsins.	Þegar verk eru auglýst.

Endurskoðun og eftirfylgni

Meginmarkmiðið er að stefnan skili tilætluðum árangri. Til að svo megi verða þarf að fara fram reglulegt mat á stöðu aðgerða, hvað hefur gengið vel og hvað betur má fara. Í því augnamiði skal jafnréttisáætlun Húnaþings vestra rædd árlega í byggðaráði í janúar ár hvert að undangenginni könnun meðal starfsmanna og stöðumati sveitarstjóra. Skal áætlunin jafnframt endurskoðuð eftir þörfum. Þetta er gert til að markvisst sé unnið að jafnrétti innan sveitarfélagsins svo að raunverulegur árangur náist. Ábyrgðaraðilar jafnréttisáætlunar skulu yfirfara aðgerðir reglulega.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímamörk
Stöðumat aðgerða jafnréttisáætlunar lagt fyrir byggðarráð.	Sveitarstjóri.	Lokið í desember ár hvert. Fyrst árið 2024
Spurningakönnun lögð fyrir starfsmenn þar sem leitað er eftir sjónarmiðum sem taka ætti tillit til í jafnréttisáætlun og/eða á stöðu verkefna.	Sveitarstjóri.	Í nóvember ár hvert. Fyrst árið 2024

Endurskoðun stefnu og tillaga að breytingum á aðgerðaáætlun unnin á grundvelli stöðumats, kannana og árangurs.	Byggðarráð.	Lokið í janúar ár hvert. Fyrst árið 2025.
---	-------------	---

Byggðarráð samþykkti að drögin yrðu sett í opið samráð á 1185. fundi byggðarráðs þann 14. ágúst 2023

Skjal þetta hefur vísan í eftirtalin Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:



Efni skjalsins samræmist markmiðum um Heilsueflandi samfélag.

